



Verklagsreglur bæjarráðs um kjaraákvarðnir og hlunnindi

Bæjarráð setur eftirfarandi ramma til frekari skýringa vegna heimilda til ákvarðana um launakjör og hlunnindi í samræmi við stefnumörkun í jafnlaunastefnu sveitarfélagsins.

Akureyrarbær vill tryggja jafnræði meðal starfsfólks

með því að:

- greiðslur fyrir akstur í þágu vinnuveitanda séu í samræmi við reglur Akureyrarbæjar um slíkar greiðslur. Óheimilt er að gera samninga um fastar akstursgreiðslur.
- greitt sé fyrir unna yfirvinnu samkvæmt skráningu í viðverukerfi og heimildir stjórnenda til yfirvinnu. Óheimilt er að skrá og greiða fyrir eða gera samninga um óunna yfirvinnu.
- greiðslur fyrir uppihald og annan kostnað á ferðalögum séu samkvæmt framlögðum reikningum. Óheimilt er að greiða dagpeninga vegna ferðakostnaðar. Bæjarstjóri hefur þó heimild til að veita undanþágu frá þessu ákvæði í undantekningartilfellum ef málefnaleg rök liggja fyrir. Dæmi um slíka undanþágu er Erasmusferð á vegum grunnskóla samkvæmt verklagsreglum um þær.
- fyrirkomulag hlunninda vegna farsíma sé í samræmi við Reglur um þátttöku Akureyrarbæjar í farsímakostnaði starfsmanna.
- fyrirkomulag þátttöku í kostnaði vegna símenntunar og veitingar vinnuafsláttar vegna náms samhliða starfi rúmist innan fjárhagsáætlunar stofnunar og sé í samræmi við Reglur um símenntun starfsfólks Akureyrarbæjar.
- starfsfólk geti verið ráðið í eitt eða fleiri störf á hverjum tíma hjá stofnunum Akureyrarbæjar en samanlagt starfshlutfall tveggja eða fleiri starfa er að hámarki 100%.
- launasetning starfa sé unnin á mannauðssviði í samræmi við kjarasamninga og verklagsreglur Akureyrarbæjar og byggi ávallt á fyrirliggjandi gögnum um menntun, starfsreynslu og fagreyntu.
- tímabundin viðbótarlaun vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna komi til skoðunar samkvæmt gildandi kjarasamningum og Reglum Akureyrarbæjar um tímabundin viðbótarlaun (TV-einingar).

- forstöðumenn sem gegna störfum þar sem ekki er samið um heildarlaun í kjarasamningum fái greitt fyrir vinnuframlag utan dagvinnnumarka samkvæmt Reglum Akureyrarbæjar um greiðslu stjórnendaálags forstöðumanna.
- um launakjör sviðsstjóra og bæjarlögmanns fari samkvæmt Reglum um starfskjör æðstu stjórnenda Akureyrarbæjar.
- um launakjör bæjarstjóra Akureyrarbæjar fari samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.
- um launakjör nefndarmanna fari samkvæmt Reglum um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ sem samþykktar eru af bæjarstjórn.

Samþykkt í bæjarráði 7. apríl 2022